

MENNING

Bækur | Bókin *Skodum myndlist – Heimsókn í Listasafn Reykjavíkur* kemur út á laugardag

Fyrsta skrefið að börnum sé sýnd myndlist

Eftir Ingu Maríu Leifsdóttur
ingamaria@mbl.is

SKOÐUM myndlist – Heimsókn í Listasafn Reykjavíkur heitir ný bók sem kemur út hjá Eddu-útgáfu á laugardaginn. Um er að ræða bók sem ætlað er að kynna börnum myndlistarverk, og mun þetta vera í fyrsta sinn sem bók af þessu tagi kemur út hérlendis. Höfundar bókarinnar eru Anna C. Leplar og Margrét Tryggvadóttir.

„Bókinni er ætlað að hvetja börn til að skoða myndlist, og við reynum að opna verkin fyrir börnunum, frekar en að segja þeim hvað þau eiga að sjá,“ segir Margrét í samtali við Morgunblaðið.

Skoða verkin á eigin forsendum

Hugsunin er sú að skapa sama andrúmsloft í bókinni og þegar gengið er um sýningu, og hafa þær Anna og Margrét skapað fjórar persónur; þrjú börn og hund, sem velta upp ýmsum spurningum í sambandi við myndlistarverkin í bókinni. Margrét segir bókina til þess fallna að hvetja börn til að skoða verkin á eigin forsendum, þó að dregin sé fram ýmis atriði í verkunum sem eru áhugaverð. „Þess vegna höfum við ítarlegri umfjöllun um verkin aftast í bókinni, til þess að hún trufla ekki skoðun verkanna sjálfra.“



Anna C. Leplar



Margrét Tryggvadóttir



Börnin og hundurinn, aðalsögupersónur bókarinnar, skoða og bera saman hluta úr verkum eftir Þórarín B. Þorláksson og Sigurð Guðmundsson.

Bókin hefur verið í vinnslu um nokkurt skeið, því liðin eru næstum þrjú ár síðan hugmyndin að henni kviknaði. „Við Anna höfum unnið saman lengi. Hvor í sínu horninu höfðum við verið að hugsa um myndlistarbók fyrir krakka. Síðan fórum við að ræða málin og samræma hugmyndir,“ útskýrir Margrét, sem er bókmenntafræðingur að mennt og starfar sem myndritstjóri. Anna er hins vegar bókahönnuður og myndlýsir.

Bókin byggist á verkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur, sem er skilgreint sem samtímalistasafn og listasafn þriggja einstaklinga; Erró, Kjarvals og Ásmundar Sveinssonar. Því fengu þessir þrjú listamenn meira vægi í bókinni en aðrir, en í henni gefur að líta verk eftir listamenn, allt frá Þórarín B. Þorlákssyni til Gabrielu Friðriksdóttur.

„Vegna þess að bókin er unnin í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur helgaðist valið á verkunum af safn-

eign þeirra. En við reynum að láta eldri og nýrri verk kallast á, til að sýna fram á hvernig ólík verk tala saman, stundum meðvitað og stundum ómeðvitað. Oft virðist svipuð hugmynd liggja að baki verkum frá ólíkum tímum og það er gaman að skoða hvernig ólíkir listamenn útfæra þær á ólíka vegu.“

Að mati þeirra Margrétar og Önnu er mikil þörf á bók sem þessari fyrir börn, enda segir hún þær báðar miklar safnakonur. „Við höfum

Sýningar í tengslum við bókina

LISTASAFN Reykjavíkur fagnar útkomu bókarinnar með röð sýninga á Kjarvalsstöðum sem sérstaklega eru settar upp þannig að lesendur bókarinnar geta notið þeirra og bókarinnar. Sú fyrsta opnar á laugardaginn og verður þá listasmiðja fyrir börnin í safninu.

Dagsetningar sýninganna eru:

8. apríl–14. maí
16. maí–2. júlí
4. júlí–13. ágúst
15. ágúst–1. október
3. október–29. október
31. október–3. desember

áhuga á hvernig myndlist er kynnt fyrir börnum, og líka bara áhuga á því að börnum sé sýnd myndlist yfirleitt. Það er kannski fyrsta skrefið, að sýna þeim hvað til er og hvetja þau til að skoða,“ segir Margrét og bætir við að stundum örlí á hræðslu fólks við að sýna börnum myndlist, þar sem hún tilheyrir ekki þeirra heimi. „Það er algjör óþarfi, því þau eru oft miklu fordómalausari og tilbúnari til að skoða en þeir sem eldri eru, sérstaklega litlir krakkar.“



Morgunblaðið/Kristinn

Þórarín B. Þorláksson, stjórnandi Listahátíðar, og Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, undirrita nýjan samstarfssamning.

Listir | Endurnýja samstarfssamning Icelandair og Listahátíð saman í 25 ár

Eftir Þormóð Dagsson
thorri@mbl.is

Í TILEFNI af tuttugu og fimm ára samstarfsafmæli Icelandair og Listahátíðar var nýr samstarfssamningur undirritaður formlega á Hótel Nordica í gær. Þórarín B. Þorláksson, stjórnandi Listahátíðar, og Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, skrifuðu undir samninginn sem gildir til tveggja ára. Listahátíð hóf samstarf við Loftleiðir þegar hátíðin var sett á laggirnar árið 1970. Þegar Flugfélagið og Loftleiðir litu dagsins ljós varð samstarfið formlegt.

„Samstarf Listahátíðar og fyrirtækisins sem þá hét Loftleiðir er líklega elsta samstarf af þessu tagi á Íslandi,“ sagði Þórarín við undirritunina, en samstarfið felur fyrst og fremst í sér flutning á listamönnum og því sem þeim fylgir. Jón Karl Stefánsson tók í sama streng og lýsti ánægju sinni yfir að enn einn samningurinn skyldi vera undirritaður. „Við erum löngu búnin að átta okkur á því að flugvélar okkar fylla sig ekki sjálfar. Það þarf alltaf eitthvað til að setja fólk í gang. Listahátíð er tækifæri til þess að búa til eitthvað á Íslandi sem dregur til sín gesti og um það snýst ferðaþjónustan,“ sagði

Jón. „Þetta er ákaflega gott og gamlgróíð samstarf sem er búið að vera frá því að Listahátíð var stofnuð fyrir þrjátíu og sex árum,“ sagði Þórarín. „Þessar samgöngur eru náttúrulega undirstaðan fyrir því að hægt sé að flytja erlenda listamenn til Íslands.“

Áhersla á landkynningu

Að sögn Þórarinnar verður lögð aukin áhersla á landkynningu á komandi Listahátíð. „Það verður t.d. bandarískur útvarpsþáttur sem verður sendur út frá Listahátíð til fleiri milljóna manna, rússneska sjónvarpið verður með beinar útsendingar, það verður einnig stór ráðstefna norræns fjölmiðlafólks sem verður á opunarhelginni, þannig að við höfum gríðarlega mörg tækifæri til þess að kynna land og þjóð. Við byrjuðum aðeins á þessari kynningu í fyrra og við finnum að þessi vinna er að skila mjög góðum árangri. Við höfum aldrei verið með eins mikla ástókn af listamönnum sem vilja koma fram á Listahátíð,“ sagði Þórarín.

Í tilefni af undirrituninni voru tveimur heppnum keppendum í spurningaleik Listahátíðar, sem birtist á netinu, afhentir flugmiðar til hins nýja áfangastaðar Manchester í Bretlandi.

Merks afmælis minnst

Eftir Ingvaldi Geirsdóttur
ingvaldur@mbl.is

RÍKISSTJÓRNIN samþykkti í gær að veita dönsku kvikmyndafyrirtæki tveggja milljóna króna styrk til gerðar á heimildarmynd um hinn merka sellóleikara Erling Blöndal Bengtsson. Á þessu ári eru sjötíu ár liðin síðan Erling hóf tónlistarferil sinn og er myndin gerð í tilefni þess. Erling er hálfur Íslendingur og hefur alltaf haldið góðu sambandi við land og þjóð. Hann var staddur á Íslandi fyrir stuttu til að minnst þess að sextíu ár eru liðin frá því að hann hélt sína fyrstu tónleika hér á landi.



Erling Blöndal Bengtsson



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðgjafi segir Erling vera stórbrotinn listamann og það hafi verið mikil samstaða innan ríkisstjórnarinnar að styrkja þetta

verkefni. „Danirnir sóttust eftir því að við hjálpuðum þeim við framleiðslu á heimildarmynd um líf og störf Erlings og það var ákveðið að gera það. Þar sem um danska framleiðslu er að ræða var ekki möguleiki á að fara í gegnum Kvikmyndamiðstöðina vegna þeirra reglna sem þar gilda. Áætlað er að myndin kosti 10 til 12 milljónir í heildina og verður hluti af henni tekinn upp hér á landi.“

Þorgerður segir ríkisstjórnina vilja koma að því að minnst þessa merka afmælis og um leið undirstríka mikilvægi þáttar Erlings Blöndals í íslensku menningarlífi.

INNTRITUN Í TÓNLISTARSKÓLA Í REYKJAVÍK 2006-2007

Innritun í tónlistarskóla í Reykjavík er hafin og lýkur 30. apríl 2006.

Umsóknnum verður svarað á tímabilinu 15. maí–30. júní.

Vinsamlega athugið að innritun fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík á heimasíðunum:

www.reykjavik.is
www.menntasvid.is

Einnig er hægt að sækja um hjá tónlistarskólunum.

Nánari upplýsingar um innritun eru veittar í tónlistarskólunum og í síma 4 11 11 11.



Reykjavíkurborg
Menntasvið

